

Sjálfsmat skóla.

Í byrjun árs 2005 fengum við það hlutverk að taka fyrir *nám og kennslu* í Grunnskólanum á Stöðvarfirði sem er liður í sjálfsmati skólans. Á fyrsta fundi veltum við fyrir okkur hvaða leið væri best að fara. Við byrjuðum á að fara inn á netið og sjá hvernig aðrir skólar hafa nálgast viðfangsefnið í þeirra sjálfsmats vinnu. Frekar lítið var upp úr því að hafa og leituðum við því til Grunnskóla Djúpavogs. Voru kennarar þar boðnir og búnir að veita okkur upplýsingar út frá þeirra vinnu. Þeirra leið var sú að leggja könnun fyrir kennara og ákváðum við að fara þá leið. Spurningalisti var útbúinn með hliðsjón af kaflanum *nám og kennsla* í bæklingnum um sjálfsmat skóla frá Menntamálaráðuneytinu.

Könnunin var síðan lögð fyrir kennara skólans í lok maí og unnið úr niðurstöðum.


Þegar á heildina er litið er svörunin nokkuð jöfn sem segir okkur að kennarar virðast nokkuð samstilltir. Mikilvægt er að skoða einstaka þætti nánar og gera viðeigandi úrbætur þar sem þörf er á. Einnig þarf að flokka niðurstöðurnar eftir eðli þeirra og beina þeim til þeirra aðila sem hafa með málin að gera.

Stöðvarfirði 2. júní 2005

Ingunn Berglind Arnardóttir
Jóna Petra Magnúsdóttir
Sólrún Friðriksdóttir


Könnun á námi og kennslu Grunnskólans á Stöðvarfirði, lögð fyrir kennara í skólanum í maí 2005.

1. Skipulag og ábyrgð kennslu er vel skilgreind og upplýsingar eru aðgengilegar öllum sem kenna.




Svörin við þessum lið dreifast töluvert, fleiri telja að þessi mál séu nokkurn veginn í lagi. Vera má að nokkuð vanti upp á það og gæti það m.a. verið vegna þess að upplýsingar fyrir kennara eru ekki nógu aðgengilegar og kennaraskipti eru tíð. Gott væri að skólinn markaði sér stefnu í þessum málum. Einnig að ákveða hvernig taka eigi á móti nýjum kennara og veita honum stuðning og upplýsingar.


2. Þörf er á að deildarstjórar, fyrir 1. - 4. bekk, 5. - 7. bekk, 8. - 10. bekk, starfi við skólann.




Svörin við þessum lið dreifast töluvert. Meiri hlutinn er hlutlaus. Við álitum að orðið deildarstjóri gæti hafa vafist fyrir einhverjum þar sem þetta er nýyrði í skólastarfi og því ekki víst að kennarar geri sér grein fyrir hvað felist í starfsheitinu. Mikilvægt er að skilgreina þetta hugtak rækilega, þannig að það sé skýrt afmarkað frá starfi umsjónakennarans. Okkar hugmynd er sú að þetta starf skarist við starf umsjónakennarans þar sem hann hefur umsjón með 2 – 3 árgöngum.




Kennarar virðast nokkuð sammála með þennan lið. Þeir virðast telja að fagstjórn sé mikilvæg í skólanum. Okkar hugmynd er sú að fagstjóri geti séð um fleiri en eitt fag. Þá sé mikilvægt að heildarmynd sé til fyrir hvert fag, hvað á að kenna frá upphafi skólagöngu til enda hennar.



Kennarar eru nokkuð sammála um að þessi verkaskipting sé skýr.




Kennarar eru sammála um að hlutverk umsjónakennarans sé skýrt og afmarkað.




Allir kennarar eru sammála um að menntun kennara skipti máli.

7. Samræmi er á milli skólanámskrár og þess námsefnis sem kennt er.




Hér eru flestir kennararnir frekar sammála enda útbýr hver kennari markmið fyrir sitt fag og setur þau í skólanámskrána. Kennarar þurfa þó að aðlaga markmiðin að nemendahópnum og því getur komið upp sú staða að markmiðin sem sett voru í upphafi raskist.


8. Skólanámskrá Grunnskólans á Stöðvarfirði endurspeglar markmið aðalnámskrár.




Kennarar hafa haft aðalnámskrá til hliðsjónar við gerð markmiða fyrir skólanámskrá.



Kennarar eru nokkuð sammála um að markmið námsgreina séu skýr.




Allir kennarar eru sammála um að það námsefni sem til er fullnægi kröfum um gæði. Samt sem áður er mismikil endurnýjun á námsefni eftir greinum.

11. Kennsluaðferðir í skólanum eru fjölbreyttar.


Hér eru skoðanir kennara mjög skiptar, allt frá því að vera sammála í að vera ósammála. Greinilegt er að margt mætti betur fara og auka þarf fjölbreytni í kennsluaðferðum. Til þess að það verði, væri gott að ræða málin fyrst innbyrðis, skiptast á skoðunum og upplýsingum. Í framhaldi af því væri gott að fá námskeið um fjölbreyttar kennsluaðferðir. Við leggjum það til að þetta verði viðfangsefni næsta Suðurfjarðafundar kennara.

12. Nemendur með sérþarfir fá góða þjónustu og kennslu við sitt hæfi.




Kennarar eru nokkuð sammála um þennan lið. Eflaust má þó túlka þetta á þann hátt að þeir sem fá aðstoð nú þegar fá yfir höfuð góða þjónustu en hins vegar hafa komið upp þær aðstæður á miðjum vetri að börn þurfi á þessari þjónustu að halda en ekki fengið hana vegna skorts á kennurum og fjárveitingu til þessara málefna.

13. Námstækni er liður í almennri fræðslu.




Kennarar virðast álíta að kennslu í námstækni sé ábótavant. Mikilvægt er að kennarar skólans ræði þessi mál og vinni vel með þau á komandi árum. Við veltum því fyrir okkur hvort námsleiði nemenda geti að einhverju leyti stafað af skorti á námstækni.

14. Samvinna um heimanám er á milli kennara.




Svörun dreifist mikið í þessum lið. Ástæðan gæti verið að þetta er mismunandi á milli aldursstiga. Í yngri aldurshópnum er um samvinnu að ræða þar sem fáir kennarar kenna bekknum. Í eldri bekkjum er sérhæfingin orðin meiri og fleiri kennarar kenna hverjum bekk, þ.a.l. er minni samvinna.

15. Samvinna um heimanám er á milli heimila og skóla.




Mikil dreifing. Líklegt er að samvinnan sé meiri á yngri stigum en eldri og gæti það verið ástæðan fyrir þessari dreifingu.


16. Almenn sátt er á milli heimila og skóla um námskröfur.



Kennarar eru ýmist hlutlausir eða frekar sammála um að sátt sé á milli heimila og skóla um námskröfur. Verðugt verkefni er að auka tengslin milli heimila og skóla almennt.



Kennarar eru allir frekar sammála um að námskröfur skólans séu skýrar.



Kennarar eru sammála um nauðsyn heimanámsaðstoðar. Þessi þjónusta hefur verið í boði í vetur og hafa nemendur nýtt sér hana þó nokkuð. Æskilegt er að þessi þjónusta verði áfram.

